



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 14. október 2019*

Dagana 14 til 15. október 2019 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Samkvæmt svörum þeirra á eftir að ráða í 35,7 grunnstöðugildi í leikskólum, 23,1 stöðugildi í grunnskólum og 22,4 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Svör bárust frá öllum.

Í leikskóla á eftir að ráða í 35,7 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun<sup>1</sup>. Þess ber að geta að nú í haust er áætluð aukin starfsmannapörf um 34 stöðugildi miðað við síðasta ár þar sem leikskólarýmum fjölgar um 66 í viðbótarhúsum við fjóra leikskóla (14 stöðugildi) og barngildi 5 ára barna breytast úr 0,9 í 1 (20 stöðugildi). Þegar miðað er við starfsmannafjölda leikskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 98% stöðugilda.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 23,1 stöðugildi. Þess ber að geta að nú í haust er áætluð aukin starfsmannapörf um 18 stöðugildi vegna fjölgunar nemenda. Þegar miðað er við starfsmannafjölda grunnskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 99% stöðugilda.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 22,4 stöðugildi. Þegar miðað er við starfsmannafjölda frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva í maí á þessu ári er búið að ráða í 95,2% stöðugilda.

---

<sup>1</sup>Auk þeirra 35,7 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í október miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 10,4 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 15 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,8 í önnur störf, samtals 26,2 stöðugildi.

Í meðfylgjandi töflu er staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum.

**Staða ráðninga 14. október. 2019**

Stöðugildi sem ráða þarf í	Árbær-Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur-Kjalarnes	Laugardalur-Háaleiti	Miðborg-Hlíðar/Vesturbær	Alls
<b>Leikskólar</b>	7,5	7,4	2,0	6,8	12,0	35,7
<b>Grunnskóla</b>	3,3	8,8	3,0	5,0	3,0	23,1
<b>Frístundaheimili/sérstæk félagsmiðstöð</b>	1,5	4,5	1,5	11,5	3,4	22,4
<i>Fjöldi stn í fríst.starfi</i>	3	9	3	23	8	46

## Leikskólar

Í leikskólana á eftir að ráða í 35,7 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss. Þessi stöðugildi skiptast svo á starfsheiti: 2 stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra, 3 stöðugildi deildarstjóra, 23 stöðugildi leikskólakennara/starfsfólks á deild, 3,25 stöðugildi sérkennslustjóra og 4,45 stöðugildi í stuðning.


Auk þeirra 35,7 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í október miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 10,4 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 15 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,8 í önnur störf, samtals 26,2 stöðugildi.

Eins og fram hefur komið fjölgaði stöðugildum í leikskólum í haust um 34 vegna stækkunar leikskóla og breytinga á barngildum.

Í stöðumati frá 16. september 2019 átti eftir að ráða í 38,1 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss.

Í stöðumati frá 8. október 2018 átti eftir að ráða í 34,7 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Auk þess átti eftir að ráða 21,5 stöðugildi í afleysingu.

## Hlutfall mönnunar í leikskólum haustin 2018 og 2019



14. október 2019 er búið að ráða í 98% stöðugilda í leikskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 8. október 2018 var búið að ráða í 97,8% stöðugilda.

Samkvæmt upplýsingum um stöðu ráðninga í leikskóla Reykjavíkur sem gerð var 14. til 16. október hefur staðan í starfsmannamálum ekki lengur áhrif á inntöku barna sem búið var að lofa plássi og ekki er verið að senda börn heim vegna manneklu. Ellefu leikskólar hafa hins vegar gripið til þess ráðs að skerða opnunartíma; átta leikskólar loka kl. 16:30 og tveir kl. 16:45 auk þess sem einn leikskóli opnar kl. 7:45.

### Grunnskólar


Í grunnskólana vantar núna 23,1 stöðugildi, þar af 10,8 stöðugildi kennara, 4 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 5,3 stöðugildi skólaliða og 3 stöðugildi þroskaþjálfara.

Eins og fram hefur komið fjölgaði stöðugildum í grunnskólum í haust um u.þ.b. 18 stöðugildi vegna fjölgunar nemenda.

Í stöðumati frá 16. september 2019 vantaði í grunnskólana 22 stöðugildi, þar af 6,7 stöðugildi kennara, 5 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 8,8 stöðugildi skólaliða, 1 stöðugildi þroskaþjálfara og 0,5 stöðugildi ritara.

Í stöðumati frá 8. október 2018 vantaði 20,4 stöðugildi alls, 8,1 stöðugildi kennara, 8,3 stöðugildi stuðningsfulltrúa og 3 stöðugildi skólaliða og 1 stöðugildi í önnur störf

## Hlutfall mönnunar í grunnskólum haustin 2018 og 2019



Í október 2019 er búið að ráða í 99% stöðugilda í grunnskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá október 2018 var búið að ráð í 99% stöðugilda.


### Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar vantar 46 starfsmenn í 22,4 stöðugildi. Yfirleitt er um 50% störf að ræða. Af 22,4 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum sem þarf að ráða í eru 9,9 stöðugildi með fötluðum börnum og ungmennum og eru það 21 starfsmaður.

Í stöðumati frá 16. september 2019 vantaði í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar 96 starfsmenn í 41,7 stöðugildi.

Í stöðumati frá 8. október 2018 vantaði 79 starfsmenn í 38,8 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

## Hlutfall mönnunar í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum haustin 2018 og 2019



Í október 2019 er búið að ráða í 95% stöðugilda í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í stöðumati frá 8. október 2018 var búið að ráða í 89% stöðugilda.

Þann 14. október var búið að sækja um fyrir 4.211 börn í frístundaheimili og 150 börn í sértækar félagsmiðstöðvar, samtals 4.387 umsóknir. Búið er að samþykkja 4.328 börn inn í dvöl í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar þar af 79 í hlutavistun. Á biðlista eru 26 börn. Þann 16. september sl. voru umsóknir jafnmargar, eða 4.387. Þá var búið að samþykkja 4.189 börn inn í dvöl í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar, þar af 169 í hlutavistun. Á biðlista voru 174 börn.

Flest börnin sem eru á biðlista eru börn úr 4. bekk. Reglur um þjónustu frístundaheimila gera ráð fyrir því að verði tafir á þjónustu, t.d. vegna faliðunar þá sé litið fyrst til forgangshópa síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum dvöl þá stærri hópi boðin dvöl hluta úr viku þannig að flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verður börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst.

Ráðningar standa yfir og tölurnar því að breytast dag frá degi.